

Yfirlæknir heilsugæslustöðvarinnar í Grundarfirði

Laus er til umsóknar staða yfirlæknis heilsugæslustöðvarinnar í Grundarfirði. Sérfræðimenntun í heimilislækningum eða staðgóð reynsla af störfum á heilsugæslusviði er skilyrði. Lögð er áhersla á aukna samvinnu starfsstöðva Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á norðanverðu Snæfellsnesi. Nú þegar er samstarf um bakvaktir heilsugæslulækna í Grundarfirði og Snæfellsbæ.

Umsóknarfrestur er til 15. júlí 2013. Upplýsingar gefa: Þórir Bergmundsson, framkvæmdastjóri lækninga, s. 432 1000, netfang thorir.bergmundsson@hve.is og Guðjón S. Brjánsson, forstjóri í s. 432 1010, netfang gudjon.brjansson@hve.is

Heilsugæslustöðin er hluti af Heilbrigðisstofnun Vesturlands sem tók til starfa 1. janúar 2010 og samanstendur að auki af starfsstöðvum í Borgarnesi, Stykkishólmi, Grundarfirði, Ólafsvík, Búðardal, Hólmavík og Hvammstanga.

Í Grundarfirði búa um 900 manns og í Snæfellsbæ tæp 1800. Á stöðinni starfar heilsugæslulæknir, hjúkrunarfræðingar, ljósmóðir og ritarar. Bakvakt 2 sjúkraflutninganna er á staðnum.